LANDSSAMBAND
smábátaeigenda
BANKASTRÆTI 6 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 12797/27922

Alþingi
Erindi nr. Þ 112/849
komudagur 06/04 1990

5. apríl 1990

**Til Sjávarútvegsnefnda**
**Stefán Guðmundsson formaður**
**Jón Sæmundur Sigurjónsson formaður**

Í frumvarpi til laga um stjórnun fiskveiða er lagt til að hlutdeild smábáta í heildarafla verði fest, miðað verði við aflahlutdeild þeirra á síðasta ári. Af þessum sökum vill Landssamband smábátaeigenda láta það koma fram að L S hefur þungar áhyggjur af áframhaldandi fjölgun smábáta á meðan ekki koma til auknar aflaheimildir.

L S hefur samþykkt fyrir sitt leiti að því finnist eðlilegt að sömu úreldingareglur gildi fyrir smábáta og báta 10brl. og stærri. Af þeim sökum lýsti L S sig samþykkt þeim takmörkunum á fjölgun smábáta sem sjávarútvegsráðherra lagði til í "frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990." og kynnt var í þingflokkunum í desember s l.
L S vill vekja athygli á að ef "frumvarp til laga um stjórnun fiskveiða" nær ekki fram að ganga á þessu þingi, að þá sé knýjandi að áðurgreint frumvarp sem takmarkar fjölgun smábáta verði endurflutt.

Rétt er að vekja athygli Sjávarútvegsnefnda Alþingis á að í nýgerðri úttekt á því hversu margir smábátar eru á leiðinni inn í smábátahópinn kom fram að 120 nýir bátar gætu bæst við smábátaflotann. Auk þessa eru fjölmargir bátar sem komu inn á viðmiðunarárinu og hafa því ekki fulla viðmiðun. L S hefur ávallt tekið það skýrt fram og skal það ítrekað hér að öllum þeim bátum sem úthlutaður verður kvóti eða eiga aðild að banndagakerfinu og ekki hafa skapað þar fulla viðmiðun fái sérstaka úthlutun. Samanber 2. lið bókunar.

Fram hefur komið í Ráðgjafanefnd um mótun fiskveiðistefnu að það er túlkun Sjávarútvegsráðuneytisins að grásleppuveiðar teljist ekki til sérveiða þar sem þær veiðar eru ekki háðar heildarkvóta þ a f l falli þær ekki undir 9. gr. frumvarpsins. Ef það er einnig álit Sjávarútvegsnefnda Alþingis leggur L S til að grásleppuveiðar verði kvótasettar þ a óyggjandi sé að þær falli undir ákvæði 9. gr. um uppbætur ef veruleg breyting verður á afltekjum í greininni.

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda
BANKASTRÆTI 6 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 12797/27922

L S vill ítreka að ekki verður fallist á það samkomulag sem gert hefur verið ef framlögð bókun verður í einu og öllu hundsuð. Ef slík staða kemur upp leggur L S áherslu á að óbreytt fyrirkomulag verði á veiðum smábáta að því undanskildu að fjölgun verði ekki heimiluð nema til komi sérstök úthlutun fyrir nýja báta.

**Virðingarfyllst**

f. h. Landssambands smábátaeigenda

Örn Pálsson framkvæmdastjóri
Landssambands smábátaeigenda

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda
BANKASTRÆTI 6 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 12797/27922

5. apríl 1990

**Til Sjávarútvegsnefnda**
**Jón Sæmundur Sigurjónsson formaður**
**Stefán Guðmundsson formaður**

Í frumvarpi til laga um stjórnun fiskveiða er lagt til að hlutdeild smábáta í heildarafla verði fest, miðað verði við aflahlutdeild þeirra á síðasta ári. Af þessum sökum vill Landssamband smábátaeigenda láta það koma fram að L S hefur þungar áhyggjur af áframhaldandi fjölgun smábáta á meðan ekki koma til auknar aflaheimildir.

L S hefur samþykkt fyrir sitt leiti að því finnist eðlilegt að sömu úreldingareglur gildi fyrir smábáta og báta 10brl. og stærri. Af þeim sökum lýsti L S sig samþykkt þeim takmörkunum á fjölgun smábáta sem sjávarútvegsráðherra lagði til í "frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990." og kynnt var í þingflokkunum í desember s l.
L S vill vekja athygli á að ef "frumvarp til laga um stjórnun fiskveiða" nær ekki fram að ganga á þessu þingi, að þá sé knýjandi að áðurgreint frumvarp sem takmarkar fjölgun smábáta verði endurflutt.

Rétt er að vekja athygli Sjávarútvegsnefnda Alþingis á að í nýgerðri úttekt á því hversu margir smábátar eru á leiðinni inn í smábátahópinn kom fram að 120 nýir bátar gætu bæst við smábátaflotann. Auk þessa eru fjölmargir bátar sem komu inn á viðmiðunarárinu og hafa því ekki fulla viðmiðun. L S hefur ávallt tekið það skýrt fram og skal það áréttað hér að öllum þeim bátum sem úthlutaður verður kvóti eða eiga aðild að banndagakerfinu og ekki hafa skapað þar fulla viðmiðun fái sérstaka úthlutun. Samanber 2. lið bókunar.

Fram hefur komið í Ráðgjafanefnd um mótun fiskveiðistefnu að það er túlkun Sjávarútvegsráðuneytisins að grásleppuveiðar teljist ekki til sérveiða þar sem þær veiðar eru ekki háðar heildarkvóta þ a f 1 falli þær ekki undir 9. gr. frumvarpsins. Ef það er einnig álit Sjávarútvegsnefnda Alþingis leggur L S til að grásleppuveiðar verði kvótasettar þ a óyggjandi sé að þær falli undir ákvæði 9. gr. um uppbætur ef veruleg breyting verður á afltekjum í greininni.

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda
BANKASTRÆTI 6 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 12797/27922

L S vill ítreka að ekki verður fallist á það samkomulag sem gert hefur verið ef framlögð bókun verður í einu og öllu hundsuð. Ef slík staða kemur upp leggur L S áherslu á að óbreytt fyrirkomulag verði á veiðum smábáta að því undanskildu að fjölgun verði ekki heimiluð nema til komi sérstök úthlutun fyrir nýja báta.

**Virðingarfyllst**

f. h. Landssambands smábátaeigenda

Örn Pálsson framkvæmdastjóri
Landssambands smábátaeigenda